

Skólanámskrá Brúarskóla



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Um Brúarskóla	3
Starfsemi og þróun Brúarskóla.....	3
Stefna skólans og framtíðarsýn.....	3
Gildi skólans	4
Uppeldis- og kennslufræðileg stefna skólans.....	4
Grunnþættir menntunar	5
Læsi.....	5
Sjálfbærni.....	5
Heilbrigði og velferð.....	5
Lýðræði og mannréttindi	6
Jafnrétti.....	6
Sköpun	6
Félagsfærni	6
Áherslur í námi	6
Námsmat skólans og vitnisburðarkerfi.....	6

Inngangur

Samkvæmt lögum eiga allir skólar að birta stefnu sína með tvennum hætti, með skólanámskrá og starfsáætlun. Skólanámskráin er nánari útfærsla á aðalnámskrá þar sem skólinn aðlagar stefnuna að sinni sérstöðu og aðstæðum. Í henni er gerð grein fyrir þeim gildum sem starf skólans byggist á og þeim viðmiðum sem sett eru í aðalnámskrá.

Ár hvert breytist starfsáætlun skólans, í henni er að finna skóladagatalið, þ.m.t lengd jólaeyfis, páskaleyfis og annarra vetraleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglur, stoðþjónusta og annað það sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Starfsáætlun skólans er lögð fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkur til staðfestingar, sem samþykkir gildistöku hennar ef hún hefur verið gerð í samræmi við lög, reglugerð, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitastjórnar um fyrirkomulag skólahalds.

Starfsáætlun og skólanámskrá skulu vera aðgengilegar öllum aðilum skóla samfélagsins og er birt á heimasíðu skólans.

Um Brúarskóla

Starfsemi og þróun Brúarskóla

Brúarskóli er sérskóli, stofnaður árið 2003 og er grunnskóli rekinn af Reykjavíkurborg. Skólinn er tímabundið úrræði fyrir börn sem eiga í alvarlegum geðrænum-, hegðunar eða félagslegum erfiðleikum. Í upphafi var skólinn eingöngu starfræktur í Vesturhlíð 3 Reykjavík þar sem voru nemendur á mið- og unglingastigi, enn fremur sá skólinn um kennslu á Stuðlum og Háholti í Skagafirði. 2004 er stofnað ráðgjafsvið við skólann og jafnframt flyst kennsla barna og unglunga sem voru inn lögð á Barna- og unglingageðdeild (áður Dalbrautarskóli) til Brúarskóla. 2005 tók skólinn við kennslu á Háholti Skagafirði (heimili rekið að Barnaverndarstofu). Árið 2009 fluttist kennsla sem áður var í Bjarkarhlíð við Bústaðaveg (unglingastig) yfir til Brúarskóla. Stofnaður var þátttökubekkur við Seljaskóla, Brúarsel, þar sem fram fór kennsla barna á miðstigi úr Breiðholti. Skólinn fékk aukið hlutverk vegna nemenda með alvarlega hegðunarröskun sem gætu þurft að vera til langs tíma í skólanum. 2011 tók Varmahlíðarskóli við kennslu á Háholti. Árið 2014 var stofnaður annar þátttökubekkur, Brúarhús, staðsettur í Húsaskóla, stofnað fyrir nemendur á miðstigi. Um mánaðarmótin október/nóvember 2019 fluttist Brúarsel í rými við Ingunnarskóla, sem síðar reyndist ekki kennsluhæft vegna rakaskemmda og kennslan fluttist yfir í Húsaskóla í október 2021. Haustið 2021 varð til stoðþjónusta sem skiptist í annars vegar ráðgjöf og fræðslu og hins vegar stuðning við innra starf Brúarskóla.

Brúarskóli er árið 2022 starfræktur á fjórum starfstöðvum í Reykjavík; í Vesturhlíð, í Húsaskóla (Brúarhús) á Dalbraut (við BUGL) og á Stuðlum.

Stefna skólans og framtíðarsýn

Brúarskóli starfar eftir lögum um grunnskóla, aðalnámskrá grunnskóla og menntastefnu Reykjavíkurborgar þar sem lögð er áhersla á að efla ákveðna lykilhæfni barna og ungmenna: félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði. Öllum skal tryggt jafnrétti til náms án tillits til kyns, þjóðernis, stéttar, stöðu og trúarbragða.

Markmið Brúarskóla er að gera nemendur hæfari til að stunda nám í almennum grunnskóla. Megináhersla er lögð á að vinna á jákvæðan hátt að bættri hegðun nemenda og hrósa fyrir það sem vel er gert. Jafnframt er unnið að því að styrkja og bæta félags- og samskiptahæfni nemenda. Kennt er í fámennum námshópum og er kennslan einstaklingsmiðuð að þörfum hvers nemanda.

Skólinn leggur áherslu á að skólastarfið sé hvetjandi og uppbyggjandi fyrir nemendur. Tekið er mið af þörfum hvers og eins og hvað er nemandanum fyrir bestu.

Starfsmenn skólans ígrunda störf sín og leita sífellt leiða til frekari umbóta og stefna að því sameiginlega markmiði að bæta árangur nemenda.

Framtíðarsýn Brúarskóla er að gera stöðugt betur, bæta hegðun nemenda, auka þekkingu og leikni nemenda og vinna með styrkleika þeirra. Mikilvægt er að efla trú nemenda á eigin getu, og hvetja þá til að takast óhræddir á við nýja hluti í viðleitni sinni við að finna hæfileikum sínum og hæfni farveg.

Einnig er markmið skólans að hjálpa öðrum skólum í að takast á við erfiða hegðun nemenda í almennum grunnskóla.

Gildi skólans

Einkunnarorð Brúarskóla eru **virðing, jákvæðni** og **ábyrgð**. Þessar áherslur endurspeglast í öllum samskiptum og starfi skólasamfélagsins.

Uppeldis- og kennslufræðileg stefna skólans

Uppeldi og menntun barna og unglinga er samfélagslegt verkefni sem á sér stað með formlegum og óformlegum hætti innan sem utan veggja skólans.

Markmið okkar eru að allir nemendur:

- Vaxi og dafni saman í samfélagi sem einkennist af lýðræði, jafnrétti, mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífsins.
- Þrói sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu, læri að stjórna hegðun sinni og nái árangri námslega og félagslega.
- Afli sér fjölbreyttrar þekkingar og öðlist skilning á samfélagi og umhverfi.
- Sýni frumkvæði, séu skapandi og tileinki sér gagnrýna hugsun.
- Tileinki sér heilbrigðan lífsstíl og búi yfir hæfni til að standa vörð um eigin heilbrigði.

Virgni og lýðræðisleg þátttaka nemenda er mikilvægt leiðarljós í starfi skólans, þannig fái þeir raunveruleg tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt, líðan og umhverfi. Með markvissri menntastefnu er sköpuð umgjörð menntunar sem hvílir á grunngildum íslensks samfélags: jöfnuði, frelsi og samvinnu en tekur um leið opnum örmum á móti framtíðinni og veitir nýrri tækni, þekkingu, hæfni og hugmyndum farveg.

Grunnþættir menntunar

Skólastarfið í Brúarskóla grundvallast á sex grunnþáttum náms sem settir eru fram í aðalnámskrá grunnskóla, en þeir eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Þessir grunnþættir eru sýnilegir í öllum starfsháttum skólans, kennsluaðferðum, samskiptum og skólabrag. Enn fremur grundvallast starfsemin á fimm grundvallarþáttum Menntastefnu Reykjavíkurborgar: félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði. Hér á eftir er fjallað um hvernig grunnþættirnir birtast í skólastarfinu í tengslum við sérstöðu skólans.

Læsi

Margir nemendur Brúarskóla glíma við lestrarörðugleika og hafa slaka sjálfsmýnd þegar kemur að lestri. Því er mikil áhersla lögð á að vekja áhuga nemenda á lestri, þjálfra grunnfærni og skipuleggja nám hvers og eins nemanda út frá hans stöðu í lestri og læsi. Með það að markmiði að efla færni nemenda og stuðla að jákvæðni gagnvart lestri. Reglulega eru lestrarátak í skólanum, bækur og lesefni er sýnilegt í skólaumhverfinu og aðgengilegt nemendum. Að auki er lögð áhersla á umhverfislæsi, notað er sjónrænt og myndrænt skipulag í umhverfi nemenda sem þjálfar þá í að lesa í og skilja umhverfi sitt.

Sjálfbærni

Brúarskóli er skóli á grænni grein og fékk Grænfánann afhentan í nóvember 2019. Reglulega eru unnin þemaverkefni tengd náttúru og umhverfisvernd og hefur afraksturinn verið sýndur m.a. á barnamenningarhátíð. Nemendur Brúarskóla voru útnefndir varðliðar umhverfisins 2018. Nemendur flokka rusl í hverri skólastofu.

Heilbrigði og velferð

Í Brúarskóla er markvisst stuðlað að jákvæðri sjálfsmýnd nemenda og að styrkja þá í að hafa trú á eigin getu. Hlúið er að almennum þroska og heilbrigði nemenda á sem víðtækastan hátt.

Umsjónarkennari ræðir reglulega við nemendur einstaklingslega um af hverju þeir eru í Brúarskóla og hvaða færni hver og einn þarf að efla svo hann geti stundað farsælt nám í sínum heimaskóla, notast er við Brúna sem hjálpar þeim við að staðsetja sig hverju sinni á leið sinni til baka í skólann. Tekið er mið af ólíkum þörfum nemenda á einstaklingsbundinn hátt. Rætt er um ólíkar þarfir einstaklinga en um leið jafnan rétt þeirra til að vera eins og þeir eru. Mikil áhersla er lögð á jákvæðan skólabrag og vellíðan, að nemendum finnst þeir öruggir í skólanum. Skólinn vinnur markvist að því að byggja nemendur upp með jákvæðum hætti og að hver og einn taki ábyrgð á eigin hegðun. Náin samvinna við foreldra/forráðamenn er lykilatriði í starfi Brúarskóla, til þess að árangur verði sem bestur, auk samstarfs við heimaskóla nemenda, og viðkomandi þjónustuaðila, s.s. félagsþjónustu, BUGL og barnavernd. Hreyfing og útivist er stór þáttur í starfi skólans. Íþróttakennsla fer fram í íþróttahúsum nágrannaskólanna. Umhverfi hveurrar starfstöðvar er nýtt til hins ýtrasta til fjölbreyttrar hreyfingar, s.s. hlaup, gönguferðir, hjólaferðir o.fl. Í Vesturhlíð er búið að koma upp líkamsræktaraðstöðu fyrir tilstuðlan Velferðarsjóðs barna, en þeir hafa stutt við skólann í að byggja upp jákvætt umhverfi til hreyfingar. Nemendur eiga kost á að sækja sér tíma í Núvitund.

Lýðræði og mannréttindi

Tekið er mið af þörfum og færni hvers og eins nemanda við skipulagningu námsins. Áhersla er lögð á að hver nemandi fái að nýta styrkleika sína í náminu, og unnið er út frá stöðu hvers og eins, jafnt í bóklegu- og verklegu námi sem og í félagsfærni og tilfinningastjórnun. Þannig fá allir nemendur nám við sitt hæfi og njóta jafnra tækifæra. Lögð er áhersla á að nemendur virði mannréttindi og lýðræði og öðlist skilning á því að öll höfum við rétt á tilveru á jörðinni hver og hvernig sem við erum og ber að virða þau réttindi.

Jafnrétti

Nemendur læra að virða jafnan rétt einstaklinga og geti áttað sig á og þekkt mismunandi þjóðfélagsþópna í samfélaginu. Nemendur læra að taka virkan þátt í að skapa skóla þar sem allir njóta alhliða menntunar í samræmi við þroska getu og áhugasvið.

Sköpun

Allir nemendur eiga kost á að vinna að sköpun, hvort sem um er að ræða tónlist, myndlist, textíl, smíði eða annars konar hönnun. Þemavinna er ein leið til að efla sköpun. Notað hefur verið ónýtt dót til að auðga hugmyndaflug nemenda og á þann hátt að endurnýta hluti sem annars færu til spillis.

Félagsfærni

Ein af grunnstoðum starfsins í Brúarskóla er efling félagsfærni. Nemendur eru stöðugt að vinna að því að efla félagsfærni sína bæði í daglegum samskiptum í skólanum og í ART tímum (aggression relacement training). Í ART er unnið með ákveðna þætti félagsfærninnar, reiðistjórnun og klípusögur. Jafnframt er unnið að ákveðnum þáttum í félagsfærni með stuðningi hvatningarkerfa.

Áherslur í námi

Lögð er áhersla á íslensku, stærðfræði, ensku, samfélagsgreinar, list- og verkgreinar, hreyfingu og útivist. Þá eru haldnar þemavikur þar sem nemendur vinna verkefni ýmist tengd áhugasviði eða fyrir fram ákveðnum þemaverkefnum þar sem unnið er með samþættingu námsgreina. Unglingar eiga kost á atvinnutengdu námi á skólatíma og jafnframt eru valgreinar í unglingsdeild. Alltaf skal hafa hugfast að kennslan taki mið af stöðu hvers og eins.

Námsmat skólans og vitnisburðarkerfi

Allir nemendur skólans eru með einstaklingsnámskrá þar sem hver og einn vinnur að sínum markmiðum út frá aðalnámskrá. Markmiðin eru oftast brotin niður og taka mið af skólafærni og markmiðum daglegs lífs. Námsmat fer fram jafnt og þétt á námstímanum. Einstaklingsnámskrá er etin reglulega yfir skólaárið. Haldnir eru stöðumatsfundir á um þriggja mánaða fresti þar sem allir sem koma að nemanda, heimili skóla og þjónustukerfi, hittast og staðan er metin. Á slíkum fundum fer fram mat á því hvort nemandi er tilbúinn að snúa tilbaka í sinn skóla. Námsmatsaðferðir eru margskonar og endurspeglar áherslur í kennslu hverju sinni. Mikilvægt er að nemandi meti sig reglulega í samræðum við kennara. Skólinn hefur ekki verið með skrifleg próf.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið